

Stiklað á stóru

1989-1992:

Staðfest hættumat vegna ofanflóða fyrir sex staði. Matið var síðan fellt úr gildi með nýjum lögum árið 1997.

1995:

Málaflokkurinn Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum fær-ist frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis með lög-um frá Alþingi. Lögin voru endurskoðuð og samþykkt veru-lega breytt árið 1997. Veðurstofu Íslands falið aukið hlut-verk og ábyrgð í ofanflóðavörnum með því að

- gera hættumat fyrir sveitarfélög þar sem mest hætta á ofanflóðum er talin vera fyrir hendi.
- gefa út viðvaranir og lýsa yfir/aflétta hættuástandi.

1995/1996:

Borgarafundir um snjóflóðavarnir á átta stöðum á vegum umhverfisráðuneytis: Bolungarvík, Flateyri, Ísafirði, Neskaup-stað, Patreksfirði, Seyðisfirði, Siglufirði og Súðavík.

1996:

Umhverfisráðherra gefur út reglugerð um varmir gegn snjó-flóðum og skriðuföllum þar sem kveðið er á um þátt Ofan-flóðasjóds í gerð vamarvirkja og kaupum eða flutningi hús-eigna á skilgreindum hættusvæðum.

1996:

Ný ofanflóðanefnd skipuð með Magnús Jóhannesson, ráðu-neytisstjóra, í forsæti. Nefndin átti fundi með fulltrúum sveit-arfélaga í þéttbýli, sem búa við hættu á snjóflóðum, og lagði fram drög að frumathugun á mögulegum vörnum og kostnaði við vamarvirki.

1996:

Veðurstofa Íslands og Almannavarnir ríkisins kynna áætlun um rýmingu húsnaðis í áðurnefndum sveitarfélögum. Mark-miðið var að auka öryggi íbúanna með skipulegum aðgerðum þegar snjóflóðahætta skapaðist. Litið var á rýmingaráætlunina sem ráðstöfun til bráðabirgða meðan verið væri að afla frekari gagna um ástandið á viðkomandi stöðum, setja nýjar reglur um hættumat og reisa mannvirki til vamar gegn ofanflóðum.

2000:

Alþingi samþykkir frumvarp umhverfisráðherra um breyting-ar á lögum nr. 49/1997 um varmir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Nýtt lagaákvæði tók gildi um að skipa skyldi hættumatsnefndir í viðkomandi sveitarfélögum til að gera tillögur að hættumati í samráði við sveitarstjómir og Veður-stofu Íslands.

2000:

Umhverfisráðherra gefur út reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Fyrsta hættumatsnefndin skipuð í ágúst, hættumatsnefnd Fjarðabyggðar.

2002:

Umhverfisráðherra staðfestir hættumat ofanflóða fyrir Nes-kaupstað, Siglufjörð, Seyðisfjörð og Eskifjörð.

2003:

Umhverfisráðherra staðfestir nýtt hættumat fyrir Ísafjörð/Hnífsdal, Bolungarvík og Patreksfjörð.

2004:

Umhverfisráðherra staðfestir nýtt hættumat fyrir Bíldudal, Flateyri og Ólafsvík.

2005:

Umhverfisráðherra staðfestir nýtt hættumat fyrir Ólafsfjörð, Suðureyri, Þingeyri og Súðavík.

2006:

Umhverfisráðherra staðfestir nýtt hættumat fyrir Búðir við Fáskrúðsfjörð.

2007:

Umhverfisráðherra gefur út reglugerð nr. 495/2007 til breytinga á reglugerð 505/2000.

2007:

Tillaga að hættumati fyrir Seljalandshverfi, Tunguskeið, Tungudal, Dagverðardal og Innri-Kirkjubólshlíð á Ísafirði kynnt íbúunum.

2008:

Umhverfisráðherra staðfestir nýtt hættumat fyrir Seljalandshverfi, Tunguskeið, Tungudal, Dagverðardal og Innri-Kirkjubólshlíð á Ísa-firði og fyrir Tálknafjörð.

2009:

Tillögur að hættumati fyrir Drangsnæs, Kirkjubæjarklaustur og Vík í Mýrdal kynntar íbúunum.

Hættumat í þágu öryggis íbúanna

Hættumat vegna ofanflóða er liður í umfangsmiklu varnarstarfi sem stjórnvöld og Alþingi ákváðu að hrinda í framkvæmd til að tryggja sem best öryggi íbúa á þeim svæðum þar sem hætta er á snjóflóðum og skriðuföllum.

Helstu niðurstöður hættumatsins

- Hætta er á snjóflóðum, aurskriðum, grjóthruni og klakahruni næst hlíðinni ofan þéttbýlis á Kirkjubæjarklaustri. Hún er til-tölulega lítil miðað við flesta aðra þéttbýlisstaði þar sem talin er hætta á ofanflóðum og engin C-svæði eru skilgreind í hættumatinu fyrir Klaustur.
- Hættusvæði A er skilgreint meðfram allri hlíðinni og hættu-svæði B vegna snjóflóðahættu er skilgreint við sláturhúsið og Skerjavelli.
- Á B-svæði eru fjögur íbúðarhús við Skerjavelli og hluti slátur-húss við Klausturveg.
- Á A-svæði eru sjö íbúðarhús við Skerjavelli og Skriðuvelli, slát-urhúsið, kaupfélagið, eitt gömlu bæjarhúsanna á Klausturhlað-inu og útihús við Kirkjubæjarklaustur ll.
- Hættumatsnefnd mælir ekki með því að ný atvinnu- eða íbúð-arhús verði reist á A- eða B-svæði þrátt fyrir að slíkt kunni að vera heimilt samkvæmt gildandi reglugerð um hættumat.

Tillaga til kynningar og umræðu

Tillaga að hættumati vegna ofanflóða á Kirkjubæjarklaustri var unnin af Veðurstofu Íslands á vegum hættumatsnefndar Skaftár-hrepps. Umhverfisráðherra skipaði nefndina 22. janúar 2008 í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráða-birgðahættumats.

- Tillaga að hættumati er kynnt íbúum á Kirkjubæjarklaustri með þessum bæklingi og á almennum fundi á staðnum. Þar gefst kostur á að fá frekari upplýsingar, leita svara við spurningum og koma athugasemdum á framfæri.

- Tillaga að hættumati verður aðgengileg almenningi á hreppsskrifstofunni í fjórar vikur eftir kynningarfundinn eða til 30. desember 2009. Tillöguna og helstu skýrslur, sem liggja henni til grundvallar, má einnig nálgast á heimasíðu Veðurstofu Íslands:

www.vedur.is/ofanflod/haettumat. Hættumatsnefnd leggur síðan tillöguna fyrir umhverfisráðherra sem staðfestir hættu-matið fomlega.

- Innan sex mánaða frá staðfestingu hættumats skal bæjarstjórn gera áætlun um aðgerðir til að tryggja öryggi íbúa á hættusvæð-um.
- Á hættusvæðum A og B er heimilt að tryggja öryggi íbúanna með eftirliti og eftir atvikum með því að rýma hús.

Endurskoðuð hættumatstillaga



Hættumatsnefnd Skaftárhrepps kynnti tillögu að hættu-mati ofanflóða fyrir Kirkjubæjarklaustur í félagsheimil-inu Kirkjuholi 27. október 2009 og þá var jafnframt dreift bæklingi um helstu niðurstöður hættumatsins. Á fundinum komu síðan fram mikilvægar upplýsingar og athugasemdir sem líklegt þótti að væru tilefni þess að breyta hættumatinu. Það reyndist rétt vera.

Nú er staðfest að ofanflóðasaga Kirkjubæjarklausturs hefur að geyma heimildir um snjóflóð sem breyta for-sendum upphaflegrar tillögu að hættumati og í því ljósi liggur fyrir **endurskoðuð tillaga sem birt er hér í nýj-um bæklingi í aðdraganda almenns kynningarfundar í Kirkjuholi 26. nóvember 2009. Frestur til athugasemda er í fjórar vikur eftir kynningarfundinn eða til 30. desem-ber 2009.**

Hættumatsnefnd Skaftárhrepps

- Gunnar Guðni Tómasson, forseti tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík, formaður.
- Bjarni Daníelsson, sveitarstjóri Skaftárhrepps.
- Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti Skaftárhrepps.
- Snjólfur Ólafsson, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

 	 	 	 	 	
Útgefandi: Hættumatsnefnd Skaftárhrepps	 	 	 	 	
Umsjón, texti, hönnun: Athygli ehf.	 	 	 	 	
Kort: Veðurstofa Íslands	 	 	 	 	
Prentun: Svansprent	 	 	 	 	
Ljósmyndir: Mats Wibe Lund 2006 og Atli Rúnar Halldórsson 2008	 	 	 	 	



Mat á hættu

vegna ofanflóða

á Kirkjubæjarklaustri



Kynning á

endurskoðaðri

tillögu hættumatsnefndar

Skaftárhrepps

Nóvember 2009



Fundur hættumatsnefndar 10. mars 2008. Frá vinstri Bjarni Danielsson sveitarstjóri, Yngvi Þór Loftsson frá Landmótun, Jóna S. Sigurbjartsdóttir oddviti og Gunnar Guðni Tómasson, formaður nefndarinnar.

Hættusvæði A, B og C mörkuð með jafnähættulínum

Brenns konar hættusvæði eru mörkuð á grundvelli mats á líkindum þess að ofanflóð falli á byggð eða nálægt henni. Í reglugerð umhverfisráðherra er miðað við svokallaða **staðaráhættu** sem skilgreind er sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi. Staðaráhætta svæða **A**, **B** og **C** er gefin hér upp sem tölfræðileg líkindi þess að týna lífi í ofanflóði. Þess má geta að dánarlíkur í ofanflóði á mörkum A- og B-svæða teljast svipaðar og hætta á að farast í umferðarslysi á Íslandi.

- **A-svæði: Staðaráhætta á bilinu 0,3-1 af 10.000 á ári.**
- **B-svæði: Staðaráhætta á bilinu 1-3 af 10.000 á ári.**
- **C-svæði: Staðaráhætta meiri en 3 af 10.000 á ári.**

Í tillögu að nýju hættumati er ofanflóðahætta metin í þremur þrepum og hættusvæði A, B og C afmörkuð. Hætta er minnst á A-svæði en mest á C-svæði. Utan þessara svæða telst áhætta vera viðunandi.

Áhætta - dæmi til samanburðar

- Dánarlíkur í umferðinni á Íslandi eru á bilinu 0,5-1 af hverjum 10.000 á ári en staðaráhætta/dánarlíkur á mörkum A- og B-svæða eru taldar vera 1 af hverjum 10.000 á ári.
- Áhætta þeirra sem búa nálægt bláu B-línunni á hættumatskortinu er þannig álíka mikil og áhætta vegfarenda í umferðinni. Áhætta þeirra sem búa nálægt rauðu C-línunni er hins vegar þrefalt meiri en áhætta í umferðinni.

Þekking, reynsla, aðstæður

Rannsóknir og upplýsingasöfnun eru nauðsynlegar forsendur hættumats. Stuðst hefur verið við samræmdar aðferðir og vinnureglur á þeim stöðum sem hætta á ofanflóðum hefur verið



metin á landinu undanfarin ár. Á Kirkjubæjarklaustri eru aðstæður hins vegar frábrugðnar dæmigerðum snjóflóðafarvegum ofan byggðar annars staðar. Því var ekki unnt að beita sömu aðferðum og tíðkuðust annars staðar heldur var stuðst við sérstakar viðmiðunarreglur fyrir snjóflóðahættumat undir lágum brekkum, líft og á Kirkjubæjarklaustri. Í þeim eru áhættureikningar fyrir hefðbundna snjóflóðafarvegi lagaðir að slíku landslagi þar sem fallhæð snjóflóða er einungis nokkrir tugir metra og þau ná því að sama skapi minni hraða en ella. Hættumatið fyrir Kirkjubæjarklaustur byggist engu að síður að miklu leyti á mati á aðstæðum þar, í samræmi við aðferðafræði reglugerða umhverfisráðuneytis um hættumat.

Á Kirkjubæjarklaustri er hætta vegna annarra ofanflóða en snjóflóða talin tiltölulega lítil í samanburði við snjóflóðahættuna, þar með talin er hætta vegna grjóthruns eða skriðufalla. Hætta er á grjót- og íshruni á nokkrum stöðum næst hlíðinni, meðal annars við Skerjavelli. Skriðuhætta er einnig nokkuð víða. Hættumatið miðast að mestu við snjóflóð en tekið er tillit til hætta á grjót- og íshruni og skriðuföllum þar sem það á við.

Heimildir eru um nokkur snjóflóð úr hlíðinni ofan byggðar á Kirkjubæjarklaustri; í helmingi tilvika var þeim komið af stað af fólki sem leið átti um hlíðina. Eitt flóðanna kann að hafa fallið nokkuð langt inn á svæði sem nú er byggt.

Matsvinna

- Tillögur að hættumati fyrir Kirkjubæjarklaustur voru unnar á Veðurstofu Íslands undir stjórn Tómasar Jóhannessonar jarðeðlisfræðings. Með honum störfuðu Jón Gunnar Egilsson tæknifræðingur, Þórður Arason jarðeðlisfræðingur og Inga Dagmar Karlsdóttir.